

þegar þörf gerist. Bryggjueigandi ber alla ábyrgð á skaða þeim, sem brot úr bryggju hans kunna að valda á eignum annara manna.

73
15. ágúst

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefir samið og samþykkt, er hérmeð staðfest samkvæmt lögum nr. 64, 3. nóv. 1915, sbr. lög nr. 76, 14. nóvember 1917, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. ágúst 1930.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Jón Gunnlaugsson.

FUNDARSKÖP

74
18. ágúst

fyrir

bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar.

1. gr.

Bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar skipa 9 bæjarfulltrúar og 9 varabæjarfulltrúar, auk bæjarstjóra. Varafulltrúar taka sæti bæjarfulltrúa eftir reglum, er Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur. Bæjarstjóri hefir ekki atkvæðisrétt á fundum, nema því aðeins að hann sé einnig bæjarfulltrúi, en þó hefir hann óbundið málfrelsi og tillögurétt í bæjarstjórn.

2. gr.

Fjórða hvert ár, þegar reglulegar bæjarstjórnarkosningar eru um garð gengnar, kys bæjarstjórn sér forseta og varaforseta úr flokki bæjarfulltrúanna. Forseti stjórnar fundum, og sér um að allt fari fram skipulega og í góðri reglu, og eru bæjarfulltrúarnir og bæjarstjóri skyldir til að hlíta úrskurði hans um allt, er snertir fundarsköp. Hann sér og um, að gerðir bæjarstjórnar séu rétt og skipulega ritaðar í gerðabókina.

Í forföllum forseta gegnir varaforseti störfum hans.

74

18. ágúst

3. gr.

Fundir bæjarstjórnar eru tvennskonar, almennir fundir og aukafundir. Almennir fundir skulu haldnir þriðja hvern fimmtudag. Farist almennur fundur fyrir, vegna helgi eða af öðrum ástæðum, skal halda fund einhvern næsta virkan dag á eftir. Almennir fundir byrja kl. 8 e. h., og standa meðan dagskrá endist. Getur $\frac{1}{3}$ mætttra fulltrúa heimtað, að slitið sé fundi á miðnætti, þótt dagskrá sé eigi afgreidd. Aukafundi skal halda svo oft sem bæjarstjóra þykir þurfa, á þeim stað og stundu er hann ákveður. Hann skal og jafnan boða til aukafundar, ef 5 bæjarfulltrúar óska þess.

4. gr.

Bæjarstjóri má ekki, nema brýn nauðsyn sé til, taka neitt erindi á dagskrá almenns fundar, nema það sé komið til hans á hádegi næsta virkan dag fyrir fund. Á miðvikudag í síðasta lagi fyrir kl. 4 e. h., skal hann hafa sent öllum bæjarfulltrúunum dagskrá, er greinir erindi þau, er eiga að koma fyrir fundinn til umræðu.

Nú vill einhver flytja mál utan dagskrár, og getur þá forseti frestað umræðum um það til næsta fundar á eftir, en þá skal skylt að taka það á dagskrá.

Þá er lagðar eru fram gerðir fastra nefnda bæjarstjórnar, skal útdráttur úr fundargerðum fylgja dagskránni. Dagskráin skal fest upp, að minnsta kosti á tveim stöðum í bænum.

Um leið og aukafundur er boðaður, skal greina fundarefni eins nákvæmlega og unnt er.

5. gr.

Bæjarstjóri ákveður dagskrá og röð fundarmála. Þó getur bæjarstjórn breytt röð mála á dagskrá, svo og fellt mál af dagskrá.

6. gr.

Fundir bæjarstjórnar skulu haldnir í heyranda hljóði. Áheyrendur eru skyldir til að vera kyrrir og hljóðir, og mega því hvorki láta í ljósi, á nokkurn hátt, ánægju sína né vanþóknun út af því, er gerist á fundinum. Brjóti nokkur í bág við þetta, getur forseti vísað honum út, og ef þörf er á látið ryðja salinn.

Forseti eða bæjarfulltrúi getur krafizt þess að mál sé rætt fyrir luktum dyrum og sker bæjarstjórn úr því umræðulaust, hvort svo skuli gert. Ræður afl atkvæða.

Enginn bæjarfulltrúanna má skýra frá umræðum eða atkvæðagreiðslu í þeim málum, sem rædd eru fyrir luktum dyrum, og nær þetta einnig til bæjarstjóra.

7. gr.

Bæjarstjóri eða bæjarfulltrúi, sem taka vill til máls, skal snúa sér til forseta, og veitir hann venjulega fulltrúum orðið í þeirri röð, sem þeir æskja þess. Hann má þó breyta út af því, að því er bæjarstjóra, framsögumann eða flutningsmann snertir, svo og til þess að ræður með og móti málefni skiptist

á, eða til þess að bæjarfulltrúi geti gert stutta athugasemd eða leiðrétting, er honum sjálfum viðkemur.

74
18. ágúst

Kveðji fleiri en einn sér jafnsnemma hljóðs, ræður forseti í hverri röð bæjarfulltrúar og bæjarstjóri fá orðið.

8. gr.

Bæjarstjóri, flutningsmaður og framsögumaður máls, mega tala eins oft og þeir vilja. Aðrir bæjarfulltrúar mega ekki tala oftari en tvisvar í hverju máli, á sama fundi. Heimilt er hverjum bæjarfulltrúa að biðja sér hljóðs, til þess að bera af sér ámæli, gera stuttar fyrirspurnir, athugasemd um atkvæðagreiðslu eða gæzlu fundarskapa.

Sérhver bæjarfulltrúi og bæjarstjóri, skal standa við sæti sitt meðan hann flytur tölu sína.

Mál má afgreiða á 5 vegu: Með því að greiða atkvæði um framkvæmd þess, með því að vísa því til 2. umræðu, með því að vísa því til nefndar, með því að fresta því um óákveðinn tíma og með því að vísa því frá með rökstuddri dagskrá.

9. gr.

Ræðumaður skal halda sér við umræðuefnið og varast að meiða nokkurn utan eða innan bæjarstjórnar eða við hafa ósæmileg orð. Nú bregður út af þessu, og skal þá forsti víta það, og hafa upp ummælin. Nú er bæjarfulltrúi eða bæjarstjóri vittur tvisvar á sama fundi, og má þá forseti svipta hann mál-frelsi á þeim fundi.

10. gr.

Sérhver bæjarfulltrúi hefir rétt til þess að bera upp tillögur og breytingartillögur við það málefni, sem er til umræðu. Þyki forseta nauðsynlegt, getur hann krafizt þess, að tillagan sé borin fram skriflega, en þá skal hann veita hæfilegan frest til að semja hana.

11. gr.

Ef umræður dragast um skör fram getur forseti, bæjarstjóri eða einhver bæjarfulltrúanna stungið upp á því, að bundinn sé endi á þær, og sker bæjarstjórn úr því umræðulaust.

12. gr.

Bæjarstjórn má ekki gera ályktun um nokkurt mál, nema minnst helmingur bæjarfulltrúanna, auk forseta eða varaforseta sé á fundi. Engin ályktun er lögmat, nema meira en helmingur fundarmanna, þeirra, er atkvæðisbærir eru, greiði atkvæði með henni.

Nú er mál útrætt og skal þá gengið til atkvæða. Atkvæðagreiðsla fer venjulega þannig fram, að bæjarfulltrúarnir rétti upp hönd. Nafnakall skal notað, ef 3 fulltrúar æskja þess áður en atkvæðagreiðsla fer fram, svo og ef atkvæðagreiðsla þykir óglögg. Við nafnakall greiðir forseti síðastur atkvæði.

74

18. ágúst

13. gr.

Nú snertir mál forseta og skal hann vikja úr sæti sínu meðan málið er útkljáð, en varaforseti taka sæti hans.

Nú varðar mál hagsmunum bæjarfulltrúa, þá greiðir hann ekki atkvæði um það. Þó er bæjarfulltrúa heimilt að skýra málið frá sinni hendi. Bæjarstjórn sker úr því umræðulaust, ef á þarf að halda, hvort málið sé svo vaxið, sem nú var sagt. Enginn bæjarfulltrúanna má greiða atkvæði með fjárveitingu til sjálfs sín.

14. gr.

Forseti ræður því hvernig atkvæðagreiðslu er skipt, og í hverri röð og innra sambandi hún fer fram. Bæjarstjórn getur þó, ef 3 bæjarfulltrúar óska þess, breytt ákvörðun forseta. Forseti, framsögumaður eða flutningsmaður mega taka einu sinn til máls, áður en til atkvæða er gengið um það.

Krefjast má bæjarfulltrúi þess, að atkvæðagreiðslu um tillögur sé skipt.

15. gr.

Auk fastra nefnda, sem bæjarstjórn kýs árlega á fyrsta fundi eftir áramót, hefir hún rétt til að setja nefnd í hvert mál, sem er á dagskrá. Allar nefndarkosningar skulu vera hlutbundnar, ef fleiri skal kjósa en einn mann, og leynilegar, ef einhver bæjarfulltrúa óskar þess. Skal beita hlutfallskosningu sem hér segir: Þeir bæjarfulltrúar, er komið hafa sér saman um að kjósa allir sömu menn í röð, afhenda formanni bæjarstjórnar, þegar til kosninga kemur, lista yfir þá í þeirri röð. Þegar hann hefir tekið við listunum, merkir hann hvern þeirra bókstaf, A., B., C., o. s. frv., eftir því, sem hann sjálfur ákveður eða ákveðið hefir verið með samkomulagi eitt skipti fyrir öll þann kjörtíma. Síðan les formaður upp stafnafn hvers lista og nöfn þau, er á honum standa. Þá kjósa bæjarfulltrúar þannig, að hver ritar á kjörmiða aðeins stafnafn (A., B., C. o. s. frv.) þess lista, er hann vill kjósa eftir. Kjörmiðarnir eru afhentir formanni, og nefnir hann upphátt bókstaf hvers miða, en skrifarar rita jafnóðum og telja saman, hve mörg atkvæði hafa fallið á hvern lista, hve mörg á A., hve mörg á B. o. s. frv. Tölu þeirri, sem hver listi þannig fær, er svo skipt, fyrst með 1, síðan með 2, síðan með 3, o. s. frv., eftir því sem með þarf. Hlutatölur hvers lista eru ritaðar í röð, hver niður undan annari, og yfir dálkinum er ritaður bókstafur þess lista.

Kosningin fer eftir hlutatölunum, þannig að sá listi fær fyrsta mann, er hæsta á hlutatöluna, sá listi næsta mann, er á næst hæsta hlutatöluna o. s. frv., þar til fullskipað er. Ef jafnháar hlutatölur koma á tvo eða fleiri lista, skal varpa hlutkesti um, hver listinn skuli koma að manni.

Af hverjum lista skulu menn hljóta kosningu í þeirri röð, sem þeir standa á listanum. Sé ekki stungið upp á fleiri nefndarmönnum en kjósa á, lýsir formaður þá rétt kjörna án atkvæðagreiðslu.

16. gr.

74

Sá, er flest atkvæði fær í nefnd eða er elztur, ef fleiri fá jafnmörg atkvæði, kveður nefndina saman í fyrsta sinn, og lætur kjósa formann. Boðar formaður síðan nefndarfundi og annast framkvæmdir nefndarinnar. Um leið og nefnd lýkur starfa sínum, kys hún einn nefndarmann sem framsögumann. Klofningur nefndar hefir framsögurétt.

17. gr.

Skyldur er hver bæjarfulltrúi að taka við kosningu í nefnd. Bæjarstjóri getur skorazt undan nefndarkosningu, en nefndarmenn geta heimtað hann á fundi sína til þess að fá hjá honum upplýsingar, er nauðsynlegar þykja, og hann getur í té látið.

18. gr.

Bæjarstjórn kys úr sínum flokki tvo skrifara. Telja þeir saman atkvæði við atkvæðagreiðslur og kosningar. Við nafnakall greiða þeir sjálfir fyrst atkvæði, og skrá síðan hin atkvæðin. Bæjarstjórn ræður sérstakan fundarskrifara, sem ekki er bæjarfulltrúi, og skal hann bóka greinilega í gjörðabókina umræðuefni og þær ályktanir, sem bæjarstjórnin gerir. Í fundarlok skal gerðabókin lesin upp og undirrituð af bæjarstjóra, forseta og öllum öðrum viðstöddum bæjarfulltrúum. Þá eiga bæjarfulltrúar rétt á að fá ágreiningsatkvæði sitt stuttlega bókað, en eru eigi að síður skyldir til að undirrita gerðabókina.

19. gr.

Bæjarstjóri sér um afgreiðslu allra mála samkvæmt ályktun bæjarstjórnar, og hefir framkvæmd á öllum þeim málum, sem ekki eru sérstaklega falin einstökum mönnum eða nefndum.

Bæjarstjórn setur bæjarstjóra með samþykkt, staðfestri af atvinnumálaráðherra, erindisbréf, þar sem ákveðið er um starfssvið hans, laun og skrifstofufé.

20. gr.

Skrá yfir allar fastar nefndir bæjarstjórnar skal láta í té öllum bæjarfulltrúum og varafulltrúum og skal hún að jafnaði hanga í fundarsalnum.

21. gr.

Leiki vafi á því hvernig skilja beri fundarsköp þessi, sker forseti úr, eða bæjarstjórn, ef 3 fulltrúar krefjast þess.

22. gr.

Afbrigði frá fundarsköpum þessum getur bæjarstjórn gert í einstökum tilfellum, þegar nauðsyn þykir til bera, ef það er samþykkt af $\frac{2}{3}$ allra bæjarfulltrúa, sem á fundi eru.

74

18. ágúst

Nú eru hafðar 2 umræður um mál, og skal það þá við fyrri umræðu rætt almennt, og síðan í heild vísað til annarar umræðu. Við síðari umræðu skal málið rætt í einstökum atriðum og atkvæði greidd um hvern lið eða grein fyrir sig.

23. gr.

Til þess að gera breytingar á fundarsköpum þessum, þarf umræður á tveim fundum í bæjarstjórn, samþykki meiri hluta atkvæða og staðfestingu stjórnarráðsins.

24. gr.

Fundarsköp þessi öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt eru úr gildi felld fundarsköp fyrir bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar frá 1. maí 1919.

25. gr.

Fundarsköp þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar hefir samið og samþykkt, staðfestast hér með samkvæmt lögum nr. 26, 22. nóvember 1918 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 18. ágúst 1930.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Jón Gunnlaugsson.

75

18. ágúst

REGLUGERÐ

um

skipun slökkviliðs og brunamála í Húsavíkarkauptúni.

I. KAFLI.

Um skipun brunamálanefndar og verksvið hennar.

1. gr.

Yfirstjórn brunamála í Húsavíkarkauptúni, skal falin 5 manna nefnd, og eiga sæti í henni lögreglustjóri, sem formaður, oddviti hreppsnefndar, slökkviliðsstjóri og 2 menn, er hreppsnefndin kýs til þriggja ára í senn.